

Nr. 578

4. júní 2019

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélagini Árborg.

Deiliskipulag Goðaneslands á Eyrarbakka.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 16. janúar 2019 deiliskipulag Goðaneslands á Eyrarbakka.

Um er að ræða deiliskipulag svæðis sem staðsett er norðan við Eyrarbakkaveg (34) og vestan við hesthúsahverfið á Eyrarbakka. Deiliskipulagssvæðið er lögbýlið Goðanes og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og er skipulagssvæðið 12,86 ha að stærð.

Innan skipulagssvæðisins er sú takmörkun á fjölda bygginga, að innan R1 er aðeins heimilt að byggja einbýlishús með bílgeymslu allt að 250 m². Innan R2 þar sem nú stendur hesthús 104 m² byggt 1995 er aðeins heimilt að byggja við hesthúsið eða eina byggingu tengda landbúnaði allt að 300 m².

Deiliskipulagið hefur hlutið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 4. júní 2019.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2019